

**Ed.**

**85. Frumvarp til laga**

[76. mál]

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Auður Auðuns.

**1. gr.**

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt.

Með lögum nr. 31 frá 20. apríl 1968 var menntamálaráðherra heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti, en barnaverndarmál eru einn þáttur félagsmála, sem undir félagsmálaráð falla.

Á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan heinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík“.

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.